

Nd. **566. Framvarp til laga** [213. mál]
um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árunum 1962—1965, að báðum meðtöldum, skal greiða $\frac{1}{2}\%$ viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykja-

vík yfir starfsemi þeirra. Skal fénu skipt milli þeirra eftir hlutfallinu tveir á móti einum. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk stjórnar Búnaðarfélags Íslands og byggingarnefndar Bændahallarinnar. Einstakir nefndarmenn áskilja sér allan rétt í afstöðu sinni til málsins og hafa um það óbundnar hendur.

Sem greinargerð með frv. birtist hér á eftir sem fylgiskjal bréf Steingrims Steinþórssonar búnaðarmálastjóra til nefndarinnar.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 24. marz 1962.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Á nýafstöðnu búnaðarþingi var samþykkt ályktun um framlengingu á bráðabirgðaákvæði laga um breytingu á lögum um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Ályktun þessi var svo hljóðandi:

„Búnaðarþing ályktar að skora á Alþingi að framlengja um 4 ár frá 1962—1965, að báðum árum meðtöldum, bráðabirgðaákvæði laga nr. 10 17. marz 1959, um breytingu á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs, og felur stjórn Búnaðarfélags Íslands og byggingarnefnd að flytja málið við Alþingi, er nú situr.

Benedikt Grímsson. Helgi Kristjánsson. Bjarni Ó. Frímansson.

Jón Sigurðsson. Einar Ólafsson. Ketill S. Guðjónsson.

Siggeir Björnsson.“

Um leið og stjórn Búnaðarfélagsins sendir þessa ályktun búnaðarþings og leggur að sjálfsögðu hina mestu áherzlu á, að sú breyting á lögum um búnaðarmálasjóð, sem hér er farið fram á að gerð sé, verði samþykkt af hinu háa Alþingi, vill stjórn félagsins leyfa sér að taka eftirfarandi fram:

Í upphafi er gjaldið til búnaðarmálasjóðs lögfest á þeim grundvelli, að það gæti orðið til styrktar og til þess að efla félagssamtök landbúnaðarins. Var gjaldið lögfest þannig, að það skyldi renna að hálfu til Stéttarsambands bænda og að hálfu til búnaðarsambanda landsins.

Síðastliðin 4 ár fengu búnaðarsamtökin lögfest $\frac{1}{2}\%$ aukagjald vegna byggingar Bændahallarinnar, sem rann að $\frac{2}{3}$ hlutum til Búnaðarfélags Íslands og að $\frac{1}{3}$ til Stéttarsambands bænda. Ástæðan fyrir því, að farið var fram á þetta framlag af bændanna hálfu, var sú, að til byggingarinnar hefur aðeins fengizt lán til 10 ára með háum vöxtum og er því mjög óhagstætt. Auk þess hefur allur byggingarkostnaður svo og verð á öllu innbúi í hótelið stórhækkað á síðastliðnum 2 árum, svo að öll framkvæmd verksins fer langt fram úr því, sem í upphafi var ætlað. Af þessu leiðir, að óumflýjanlegt er að fá nýtt lán til þess að geta lokið þessu stórvirki. Enn má geta þess, að þegar byggingarlánið var tekið, gerði Framkvæmdabankinn það að skilyrði, að hann fengi að tryggingu þetta framlag bændanna upp í greiðslu vaxta, og skyldi það lagt inn á sérstakan bankareikning, og má því telja víst, að sama krafa verði gerð gagnvart nýrri lántöku. Það er því óhugsandi, þó að rekstur hússins bæri sig í bezta lagi, að unnt sé að standa undir vöxtum og afborgunum af skuldum byggingarinnar á svo skömmum tíma sem hér um ræðir, nema með þeirri aðstoð af bændanna hálfu, að umrætt $\frac{1}{2}\%$ gjald til búnaðarmálasjóðs verði framlengt næstu 4 ár, eða 1962—65, að báðum árum meðtöldum.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands og byggingarnefnd Bændahallarinnar, sem er skipuð mönnum bæði frá Bf. Ísl. og Stéttarsambandinu, treystir því, að hið háa Alþingi bregðist jákvætt við þessari málaleitan vorri.

Virðingarfyllst,

Steingr. Steinþórsson.